

# Skýrsla um innra mat



Brúarskóli

2017-2018

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Um Brúarskóla .....	2
Innra mat í Brúarskóla .....	2
Niðurstöður innra mats .....	3
Ráðgjöf .....	3
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað .....	4
Stjórnun skólans .....	4
Velferð og líðan nemenda .....	5
Samstarf heimila og skóla .....	6
Umbótaáætlun vegna starfsumhverfis kennara (bókun 1).....	6
Álag í starfi.....	6
Stuðningur .....	7
Fræðsla/símenntun .....	7
Fundir .....	8
Vinnuföt.....	8
Samantekt .....	9
Ráðgjöf.....	9
Styrkleikar.....	9
Tækifæri til umbóta.....	9
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað .....	9
Styrkleikar.....	9
Tækifæri til umbóta.....	9
Stjórnun skólans .....	9
Styrkleikar.....	9
Tækifæri til umbóta.....	9
Velferð og líðan nemenda .....	10
Styrkleikar.....	10
Tækifæri til umbóta.....	10
Samstarf heimila og skóla .....	10
Styrkleikar.....	10
Tækifæri til umbóta.....	10
Heimildir .....	11
Gögn .....	11

## Inngangur

### *Um Brúarskóla*

Brúarskóli er annar af tveimur sérskólum í Reykjavík. Hann var stofnaður árið 2003 og er ætlaður fyrir nemendur sem eiga við alvarlegan geðrænan, hegðunarlegan eða félagslegan vanda að etja. Skólinn starfar á fimm stöðum í borginni. Í Vesturhlíð er pláss fyrir 24-27 nemendur hverju sinni, ástamt því að ráðgjafarsvið skólans er staðsett þar. Í Breiðholti og Grafarvogi eru starfræktir þátttökubekkir, Brúarsel og Brúarhús, í samstarfi við Seljaskóla annars vegar og Húsaskóla hins vegar. Þátttökubekkirnir eru ætlaðir nemendum á miðstigi úr þessum hverfum og er pláss fyrir 4-6 nemendur í hvorum bekk. Á Dalbraut fer fram sjúkrakennsla fyrir nemendur sem eru á Barna- og unglingageðdeild og á Stuðlum er einnig sjúkrakennsla fyrir þá nemendur á grunnskólaaldri sem þar eru. Í Brúarskóla eru um 50 starfsmenn og eru kynjahlutföll í starfsmannahópnum jöfn.

Brúarskóli er tímabundið úrræði og markmiðið „að skapa jákvæð og uppbyggileg skilyrði svo nemandinn geti bætt hegðun sína og félagsfærni í námi og skólastarfi og jafnframt er heimaskóli nemandans efldur til áframhaldandi starfs með honum.“ (Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir (ritstj.), 2012, bls. 28).

Við Brúarskóla starfar ráðgjafarteymi sem veitir starfsmönnum almennra skóla ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfinu. Í ráðgjafarteyminu starfa deildarstjóri, þroskaþjálfari, sálfræðingur og kennarar.

Einkunnarorð Brúarskóla eru jákvæðni, virðing og ábyrgð og eru þau höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

### *Innra mat í Brúarskóla*

Grunnskólum ber, skv. 35. og 36. greinum gildandi laga um grunnskóla, að gera innra mat á starfsemi skólans (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Markmið með matinu eru að upplýsa um starfsemi skólans og tryggja gæði og framþróun skólastarfsins.

Í Brúarskóla starfar matsteymi sem leitt er af stjórnendum skólans. Teymið vinnur samkvæmt áætlun um innra mat sem nánar er fjallað um í skólanámskrá.

Vegna sérstöðu skólans eru ýmsir þættir sem geta haft áhrif á sjálfsmatið og framsetningu niðurstaðna. Má þar helst nefna fæð nemenda og í hversu stuttan tíma þeir stunda nám við skólann. Ekki er unnt að birta nákvæmar niðurstöður varðandi nám nemenda og ekki hægt að gera endurtekið mat á árangri í námi vegna þess hve stutt nemendur stoppa við. Auk þess er foreldrasamstarf ekki með hefðbundnum hætti vegna stuttrar skólavistar nemenda.

## Niðurstöður innra mats

Skólaárið 2017-2018 var ákveðið að leggja megináherslu á eftirfarandi þætti í skólastarfinu hvað varðar innra mat: *Ráðgjöf, starfsánægju, líðan og aðbúnað á vinnustað, stjórnun skólans, velferð og líðan nemenda og samstarf heimila og skóla*. Hér á eftir eru helstu niðurstöður úr matinu.

### Ráðgjöf

Við Brúarskóla starfar ráðgjafarteymi sem hefur það hlutverk að veita starfsfólki í almennum skólum ráðgjöf vegna nemenda sem sýna erfiða hegðun í skólastarfinu. Skólaárið 2017-2018 fengu 28 skólar ráðgjöf vegna 43 nemenda. Spurningakönnun var send þeim skólum sem fengu ráðgjöf og bárust svör frá 22 skólum, þ.e. tæp 79% svörun. Könnunin sneri að því hvernig starfsmenn upplifðu að ráðgjöfin hefði nýst þeim í starfinu, hvað nýttist best og hvað betur mætti fara. Í matsáætlun Brúarskóla var það viðmið sett að 90% þeirra skóla sem hafa fengið ráðgjöf frá Brúarskóla væru ánægðir með ráðgjöfina.

Alls voru 82% svarenda mjög ánægðir eða frekar ánægðir með þá ráðgjöf sem þeir fengu frá Brúarskóla og 59% töldu að ráðgjöfin hafi skilað þeim miklum eða frekar miklum árangri í starfi með viðkomandi nemanda. 9% svöruðu að árangurinn hafi verið frekar lítill eða mjög lítill.



Svarendur töldu að ráð varðandi að stöðva ofbeldi og ógnandi hegðun (59%) og umræður á fundum (55%) væri það sem nýttist þeim best, ásamt tillögum að hvatningakerfi (27%), myndrænu skipulagi (27%) og breytingum á vinnulotum (23%).

Flestir töldu að fundir með ráðgjöfum hafi verið gagnlegir (86%) og hæfilega margir (76%), en rétt rúmlega helmingur svarenda (52%) töldu að þörf hefði verið á meiri eftirfylgd af hálfu ráðgjafanna. Nokkrir nefndu að gott hefði verið að hafa fleiri fundi eða að ráðgjafar kæmu oftast í heimsókn og að betur mætti styðja við kennara í að fylgja tillögum ráðgjafa eftir í starfinu. Þá var spurt hvað hefði mátt betur fara í ráðgjöfinni og kom fram að einhverjir hefðu viljað fá ráðgjöfina fyrr inn. Einnig kom fram að þörf væri á lengri/fleiri vettvangsathugunum og meiri eftirfylgd eins og áður kom fram.

## **Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað**

Það er hverjum vinnustað mikilvægt að starfsfólki líði vel og sé ánægt í vinnu. Í Brúarskóla er áhersla lögð á að halda upp góðum starfsanda og byggja upp jákvætt og styðjandi samfélag meðal starfsmanna. Skólinn er starfræktur á fimm stöðum, víðsvegar um Reykjavík, og því kapp lagt á að stuðla að samkennd og samvinnu í starfsmannahópnum. Reglulega eru haldnir starfsmannafundir þar sem allir starfsmenn skólans koma saman auk þess sem haldið er sameiginlega upp á afmæli starfsmanna þrisvar sinnum yfir veturinn. Þá er starfsmannafélag starfandi í skólanum sem stendur reglulega fyrir skemmtilegum uppákomum til þess að efla liðsandann. Aðgengi starfsmanna að stjórnendum er gott og starfsmönnum boðið upp á starfsmannasamtöl reglulega. Nýir starfsmenn fá mentor úr hópi reyndari starfsmanna við upphaf starfs og áhersla lögð á að þeir fái góða kynningu og stuðning í nýju starfi.

Í janúar-febrúar 2018 var viðhorfskönnun lögð fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar. Niðurstöðum könnunarinnar er skipt í fjóra yfirþætti en tveir þeirra falla undir þennan lið í innra mati Brúarskóla, þ.e. *starfsánægja* annars vegar og *hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi* hins vegar. Undir hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi flokkast þær spurningar er snúa að markmiði og árangri, upplýsingaflæði, móttöku nýliða, jafnrétti og jafnræði, ímynd, starfsanda, vinnuaðstöðu, sveigjanleika í starfi, starfsöryggi og hæfilegu vinnuálagi. Einkunnir eru gefnar á skalanum 1-5 þar sem 5 er hæsta og besta einkunnin. Einkunnir á bilinu 4-5 eru litaðar grænar og er það viðmiðið sem sett var í matsáætlun Brúarskóla, þ.e. að einkunnir þessara þátta væru grænar.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að *starfsánægja* í Brúarskóla fær einkunnina 4,59 og einkunn á þættinum *hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi* er 4,39. Báðir þættir fá því græna einkunn og hækka á milli kannana. Starfsánægja fékk einkunnina 4,38 í síðustu könnun og hækkar því um 0,21 en hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi hækkar um 0,34 úr 4,05.

Tveir þættir sem falla undir *hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi* fá gula einkunn (þ.e. á bilinu 3-4. Þeir þættir snúa að álagi í vinnu og vinnuaðstöðu.

## **Stjórnun skólans**

Stjórnendur gegna þýðingarmiklu hlutverki í skólastarfi. Ásamt því að bera ábyrgð á starfsemi skólans og daglegu skipulagi og veita faglega forystu í skólastarfinu þurfa stjórnendur að vera starfsmönnum styðjandi og hvetjandi.

Í Brúarskóla starfa, auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, fjórir deildarstjórar. Einn deildarstjóri í hvorum þáttökubekk, einn á Dalbraut við BUGL og einn í ráðgjafarteymi skólans. Hver stjórnandi hefur sínu hlutverki að gegna en saman mynda þeir stjórnendateymi sem starfar í náinni samvinnu. Með því að hafa stjórnanda á hverri starfsstöð skólans er gott aðgengi starfsmanna að stjórnendum tryggt, auk þess sem skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fara reglulega á allar starfsstöðvar.

Í viðhorfskönnun sem reglulega er lögð fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar er einn yfirþátturinn *árangursríkir stjórnunarhættir*. Undir hann flokkast þær spurningar sem snúa að

frumkvæði, viðurkenningu, stjórnun, fræðslu og þjálfun. Þau viðmið voru sett í matsáætlun Brúarskóla að einkunn fyrir þennan þátt væri græn, (þ.e. á bilinu 4-5).

Niðurstöður könnunarinnar sýna að einkunn árangursríkra stjórnunarhátta er 4,33, þ.e. græn einkunn, og hækkar úr 4,24 frá fyrri könnun. 74% starfsmanna segjast bera traust til yfirmanns síns og 72% segjast vera ánægð með samskipti við yfirmann sinn. Enginn svarenda var ósammála þessum staðhæfingum. Flestir starfsmenn (79%) segjast frekar eða mjög sammála því að þeir fái hvatningu frá yfirmanni sínum en 8% segjast frekar eða mjög ósammála því. Langflestir (92%) eru frekar eða mjög sammála að vinnustað þeirra sé vel stjórnað, enginn er ósammála því.

Í foreldrakönnun sem var lögð fyrir af Reykjavíkurborg í maí-júní 2018 kom fram að 88% foreldra telja að skólanum sé vel stjórnað og 94% að stjórnendur séu vel sýnilegir í starfinu.

### **Velferð og líðan nemenda**

Í öllu skólastarfi hlýtur velferð og líðan nemenda að vera mikilvægasti þátturinn. Nemendur sem koma í Brúarskóla hafa margir hverjir neikvæða upplifun af skóla og þeim getur reynst erfitt að koma í nýtt skólaumhverfi. Flestir nemendur hafa stutta viðdvöl í Brúarskóla, oft um eitt skólaár. Því er mikilvægt að huga að líðan þeirra og markmiðið að byggja upp jákvæða upplifun af skólastarfi hjá þeim.

Brúarskóli er fámennur skóli og nemendur í litlum hópum sem gefur starfsmönnum skólans mikilvægt færi á að mynda góð tengsl við nemendur, kynnast þeim vel og læra að þekkja styrkleika þeirra. Áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd nemenda og efla skólafærni þeirra. Starfsmenn leggja kapp á að hrósa nemendum þegar færi gefst og hvetja þá áfram í skólastarfinu.

Í maí 2018 var könnun lögð fyrir nemendur Brúarskóla í Vesturhlíð, Brúarseli og Brúarhúsum. 21 nemandi svaraði könnuninni. Þau viðmið voru sett í matsáætlun skólans að öllum nemendum liði vel í skólanum.

Niðurstöður sýna að 62% nemenda líður vel í skólanum (*vel* eða *oft vel*) en 38% líður illa (*illa* eða *oft illa*).



67% nemenda segjast líða vel eða oft vel þegar þeir hugsa um aðra nemendur í skólanum og 94% þeirra segjast eiga vin í skólanum. Rúmlega helmingur telur að sér gangi vel í skólanum. Flestir segja að útivist (95%) og íþróttir (62%) séu skemmtilegustu tímarnir og flestir telja sig góða í íþróttum (68%). Þar á eftir telja nemendur sig góða í ART (Agression replacement training), útivist, smíði, heimilisfræði, að fara eftir reglum og vera vinur.

### ***Samstarf heimila og skóla***

Miklu máli skiptir að traust ríki á milli heimila og skóla og að samstarf sé gott. Í ljós þessi hve mikil nemendavelta er í Brúarskóla og nemendur stoppa stutt við er ekki unnt að halda uppi hefðbundnu foreldrasamstarfi. Lítil virkni hefur náðst í foreldrafélag en fulltrúar foreldra sitja í skólaráði ásamt fulltrúum starfsmanna skólans. Umsjónarkennarar eru í reglulegu sambandi við foreldra og senda upplýsingar heim vikulega. Haldin eru hefðbundin foreldraviðtöl tvisvar á skólaári auk þess sem stöðumatsfundir eru haldnir um hvern nemanda á um 3-4 mánaða fresti. Foreldrum er boðið á jólaföndur í desember og opið hús reglulega yfir veturinn.

Foreldrakönnun var lögð fyrir af Reykjavíkurborg í maí-júní 2018. Könnunin var send til 25 foreldra og var svarhlutfall 64%. Viðmið sem sett var í matsáætlun Brúarskóla var að 90% foreldra væri ánægt með skólann.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að 88% foreldra er á heildina litið ánægt með skólann. 94% töldu að barnið fái góðan stuðning frá kennurum sínum og allir foreldrar sem svöruðu töldu að barninu sé mætt af sanngirni í skólanum og að áhersla sé lögð á að efla sjálfstraust barnsins. 82% töldu að barninu líði vel í skólanum. Þegar kemur að náminu segja 63% foreldra að barninu þyki gaman að læra í skólanum og 65% að barnið taki stöðugum framförum í námi. Þessir þættir eru nokkuð fyrir neðan meðaltal í Reykjavík, en aðrir þættir í könnuninni eru fyrir ofan meðaltal borgarinnar.

### ***Umbótaáætlun vegna starfsumhverfis kennara (bókun 1)***

Í tengslum við bókun 1 í kjarasamningi kennara frá 1. desember 2016 var unnin umbótaáætlun vegna starfsumhverfis kennara í Brúarskóla. Unnið var að umbótum veturinn 2017-2018. Hér á eftir er mat á hverjum umbótaþætti fyrir sig.

#### ***Álag í starfi***

Markmið að létta álagi af kennurum eins og hægt er.

- ✓ Skilgreina átti hlutverk kennara, hversu langt þeir ganga gagnvart nemendum og fjölskyldum þeirra. Drög að skilgreiningu eru tilbúin. Eftir á að kynna þau fyrir kennurum.
- ✓ Skilgreina átti hlutverk kennara í þátttöku og aðlögun. Drög að skilgreiningu eru tilbúin. Eftir á að kynna þau fyrir kennurum.

- ✓ Fara átti með TEH námskeið á hverja starfsstöð og vinna út frá aðstæðum á hverjum stað. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri funduðu með starfsfólki þátttökubekkja þar sem rætt var hvernig tekist er á við erfiða hegðun á hvorum stað fyrir sig. Það taldist fullnægjandi að þessu sinni.

### *Stuðningur*

Markmið að styðja við starfið á útstöðvum.

- ✓ Stjórnendur og ráðgjafar færu reglulega á starfsstöðvar á skólatíma. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri ráðgjafarsviðs áttu reglulega viðveru í þátttökubekkjum þannig að einhver þeirra var í hvorum þátttökubekk einn morgunn aðra hverja viku. Nokkrir dagar féllu úr vegna álags eða manneklu. Ráðgjafarteymi fundaði einnig reglulega með kennurum og deildarstjórum í þátttölubekkjum. Dalbraut og Stuðlar voru ekki heimsóttir.

Markmið að skýra störf/hlutverk ráðgjafarsviðs.

- ✓ Kynna átti störf og hlutverk ráðgjafa fyrir öðru starfsfólki. Kynning var haldin á starfsmannafundi 27. september 2017. Ekki var lögð fyrir könnun í janúar 2018 eins og áætlað var.

Markmið að auka stuðning ráðgjafarsviðs við kennara.

- ✓ Áætlað var að ráðgjafar færu reglulega inn í nemendahópa í vettvangsathuganir. Ráðgjafar hafa farið í vettvangsathuganir í Brúarsel og Brúarhús að ósk kennara og deildarstjóra þar.
- ✓ Áætlað var að ráðgjafar kynntu nýja nemendur og nemendur sem ráðgjafar hafa komið að inni í almennum skóla, fyrir starfsfólki. Þetta hefur gengið eftir.

Markmið að auka öryggi nýrra starfsmanna í starfi.

- ✓ Nýir starfsmenn áttu að fá mentor úr hópi reyndari starfsmanna sem myndu kynna starfið vel fyrir þeim. Gátlisti var útbúinn til þess að hafa til hliðsjónar. Þessu var vel fylgt eftir og mentorar skiluðu gátlistum til skólastjóra.

### *Fræðsla/símenntun*

Markmið að auka þekkingu starfsmanna á þjónustustofnunum.

- ✓ Áætlað var að fá kynningu á starfsemi þjónustumiðstöðva, barnaverndar og BUGL. Ítrekað var reynt að fá kynningu frá þessum aðilum en svör fengust ekki. Á starfsmannafundi 31. janúar var kynning á Skólaseli.



### *Fundir*

Markmið að breyta fyrirkomulagi á föstudagsfundum og efla liðsheildina í starfsmannahópnum.

- ✓ Áætlað var að starfsmenn í Vesturhlíð færu í gönguferð í stað fundar 3x fyrir áramót og 3x eftir áramót. Tvisvar sinnum fyrir áramót og tvisvar eftir áramót myndu allir starfsmenn hittast til skiptis á starfsstöðvunum og fara í gönguferð eða gera annað sem viðkomandi starfsstöð myndi skipuleggja. Ekkert varð úr þessum breytingum á fundunum. Farið var á kaffihús í stað fundar í eitt skipti.

### *Vinnuföt*

Markmið að verja föt starfsmanna fyrir hráka og skemmdum, og að einkenna starfsmenn á ferð með nemendum og skapa heildarsvip á starfsmenn út á við.

- ✓ Áætlað var að starfsmenn fengju hlífðarpeysur og fatastyrk árlega. Allir starfsmenn fengu merktar peysur. Ekki varð af fatastyrk.
- ✓ Áætlað var að á hverri starfsstöð yrðu til merkt útiföt sem starfsfólk hefði aðgang að til útivistar. Keyptir voru merktir kuldagallar og úlpur fyrir Vesturhlíð, Brúarsel og Brúarhús. Ekki var talin þörf á útifötum á Dalbraut og Stuðla.

## Samantekt

Hér á eftir er samantekt á niðurstöðum úr innra mati í Brúarskóla skólaárið 2017-2018. Dregnir eru fram styrkleikar og tækifæri til umbóta fyrir hvern þátt. Tækifæri til umbóta liggja síðan til grundvallar umbótaáætlunar fyrir skólaárið 2018-2019.

### **Ráðgjöf**

#### *Styrkleikar*

- ✓ Yfir 80% þeirra sem hafa fengið ráðgjöf eru ánægðir. (Viðmið er þó 90%)
- ✓ Ánægja með fundi með ráðgjöfum.

#### *Tækifæri til umbóta*

- ✓ Bæta eftirfylgd með ráðgjöf.
- ✓ Styttu biðtíma eftir ráðgjöf.

### **Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað**

#### *Styrkleikar*

- ✓ Niðurstöður í viðhorfskönnun starfsmanna á þáttunum *starfsánægja* og *hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi* koma vel út, með græna einkunn.

#### *Tækifæri til umbóta*

- ✓ Bæta vinnuumhverfi starfsmanna.
- ✓ Draga úr álagi á starfsfólk eins og kostur er.

### **Stjórnun skólans**

#### *Styrkleikar*

- ✓ Þátturinn *árangursríkir stjórnunarhættir* fá græna einkunn í viðhorfskönnun meðal starfsmanna og hækkar á milli kannanna.
- ✓ 92% starfsmanna og 94% foreldra telja að skólanum sé vel stjórnað.

#### *Tækifæri til umbóta*

- ✓ Bæta enn frekar traust starfsmanna til yfirmanna.
- ✓ 8% starfsmanna segjast ekki fá hvatningu frá yfirmanni sínum.

## **Velferð og líðan nemenda**

### **Styrkleikar**

- ✓ 94% nemenda eiga vin í skólanum.
- ✓ Nemendur njóta sín í útivist, íþróttum og verk- og listgreinum og finna styrkleika sinn þar.

### **Tækifæri til umbóta**

- ✓ Bæta þarf líðan nemenda í skólanum. 38% nemenda segjast líða illa skólanum.
- ✓ Fáir nemendur tilgreina bóklegar greinar sem skemmtilegar eða telja að þeir séu góðir í þeim.

## **Samstarf heimila og skóla**

### **Styrkleikar**

- ✓ 88% foreldra eru ánægð með skólann.
- ✓ Foreldrar telja að barn þeirra fái góðan stuðning frá kennurum sínum, því sé mætt af sanngirni og áhersla sé lögð á að efla sjálfstraust þess.

### **Tækifæri til umbóta**

- ✓ 12% foreldra telja að barni sínu líði ekki vel í skólanum.
- ✓ Þriðjungur foreldra telja að barninu sínu þyki ekki gaman að læra í skólanum og litlu færri telja að barn sitt taki ekki stöðugum framförum í náminu.

## **Umbótaáætlun**

### **Styrkleikar**

- ✓ Stjórnendur hafa farið reglulega á útstöðvar.
- ✓ Ráðgjafar hafa farið í vettvangsathuganir í þátttökubekkjum og búið að kynna hlutverk þeirra.
- ✓ Nýir starfsmenn fá mentor úr hópi reyndari starfsmanna.
- ✓ Starfsmenn hafa fengið hlífðarpeysur og merkt útiföt eru til á starfsstöðvum.

### **Tækifæri til umbóta**

- ✓ Ljúka við skilgreiningar á hlutverkum kennara og kynna þær.
- ✓ Fá kynningar á þjónustustofnunum.

## Heimildir

Hrund Logadóttir, Steinunn Ármannsdóttir og Sara Björg Ólafsdóttir (ritstjórar). (2012). *Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur. Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar.* Sótt af: [https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulytingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulytingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf)

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

## Gögn

*Könnun ráðgjafarsviðs Brúarskóla vorið 2018.* Lögð rafrænt fyrir almenna skóla sem fengu ráðgjöf skólaárið 2017-2018 af ráðgjafarsviði Brúarskóla, maí-júní 2018.

*Nemendakönnun.* Lögð rafrænt fyrir nemendur Brúarskóla af kennurum, maí 2018.

*Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar.* Lögð rafrænt fyrir starfsfólk af Reykjavíkurborg, janúar-febrúar 2018.

*Viðhorfskönnun foreldra barna í grunnskólum.* Lögð rafrænt fyrir foreldra af Reykjavíkurborg, maí-júní 2018.